

STJÓRNARTÍÐINDI C 2 — 1975

6. ágúst 1975.

225

Nr. 16.

AUGLÝSING

um gildistöku bókunar frá 25. mars 1972 við alþjóðasamning um ávana- og fíkniefni, 1961.

Hinn 8. ágúst 1975 tekur gildi bókun við alþjóðasamning um ávana- og fíkniefni, 1961, sem gerð var í Genf hinn 25. mars 1972.

Ísland hefur fullgilt bókun þessa og var hún birt með auglýsingu nr. 22/1974 í Stjórnartíðindum C-deild.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 6. ágúst 1975.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

22. ágúst 1975.

Nr. 17.

AUGLÝSING

um fullgildingu breytingar frá 11. mars 1974 á samstarfssamningi Norðurlanda frá 1962.

Samkvæmt heimild Alþingis í þingsályktun samþykktri hinn 16. maí 1975 var finnska utanríkisráðuneytinu hinn 6. ágúst s.l. afhent fullgildingarskjal Íslands vegna breytingar, sem undirrituð var í Kaupmannahöfn hinn 11. mars 1974, á samstarfssamningi Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 1962, sbr. auglýsingar í Stjórnartíðindum C-deild nr. 7/1962 og 16/1971.

Breytingin tekur gildi hinn 5. september n.k.

Samkomulagið um breytinguna er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Tekið skal fram, að með orðunum „skrifstofa ráðherranefndarinnar“ í hinni nýju 61. grein 3. mgr. samningsins er átt við skrifstofurekstur nefndarinnar bæði í Osló og Kaupmannahöfn.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 22. ágúst 1975.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

C 29